

Kjarasamningur

milli Rótarinnar og Eflingar - stéttarfélags

1. gr.

Gildistími og gildissvið

Kjarasamningur þessi gildir frá 1. apríl 2024 til 31. mars 2028 og rennur þá út án frekari fyrirvara. Kjarasamningurinn nær til kjara félagsfólks í Eflingu sem starfa í neyðarskýli fyrir heimilislausar konur.

2. gr.

Inntak samnings

Um kaup og kjör félagsfólks Eflingar sem starfa í neyðarskýli fyrir heimilislausar konur fer í öllum atriðum eftir kjarasamningi Eflingar við Reykjavíkurborg ásamt fylgiskjölum sem undirritaður var 10. mars 2020 ásamt framlengingum sem undirritaðar voru 1. apríl 2023 og 20. júní 2024 nema um þau atriði sem í samningi þessum greinir. Samningur þessi hefur sömu samningsforsendur og kjarasamningur Eflingar við Reykjavíkurborg.

3. gr.

Röðun starfa

Við röðun starfa í launaflokk skal miða við niðurstöður starfsmatsnefndar Reykjavíkurborgar eins og þær eru hverju sinni fyrir starfsmenn sem vinna í Gistiskýlinu á Lindargötu fyrir heimilislaua karlmenn. Starfsheitin eru nú við undirritun samnings Starfsmaður í málaflokki HMFÞ sem er í launaflokk 244 og Félagsliði í málaflokki HMFÞ sem er í launaflokk 246.

4. gr.

Fyrirvari um samþykki

Samningurinn er undirritaður með fyrirvara um samþykki félagsfólks Eflingar í atkvæðagreiðslu. Eflingu ber að tilkynna Rótinni um niðurstöðu atkvæðagreiðslu eigi síðar en kl. 16:00 þann 10. október 2024. Telst samningurinn samþykktur hafi ekki verið tilkynnt um annað fyrir þann tíma.

Reykjavík, 25. september 2024

f.h. Rótarinnar
með fyrirvara um samþykki stjórnar

f.h. Eflingar - stéttarfélags með fyrirvara
um samþykki félagsfólks